

4. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast greiðslur úr fódursjóði til innflytjenda. Umsóknir skulu sendar Framleiðsluráði sem metur þær og afgreiðir fullgildar umsóknir til greiðslu.

Hafi innflytjanda verið veitt heimild til útgáfu á skuldaviðurkenningu til greiðslu fódurtolls, verði skuldajafnað með greiðslu úr fódursjóði til lúkningar greiðslu skv. skulda-
viðurkenningu áður en útborgun til hans á sér stað.

5. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins lýkur uppgjöri greiðslna og innheimtu útistandandi krafna fódursjóðs. Að lokinni endurskoðun á þessu uppgjöri skulu eftirstöðvar í fódursjóði þann 1. ágúst 1996 greiddar Framleiðnisjóði landbúnaðarins, að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðherra um þessa ráðstöfun sjóðsins.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 15. gr. laga nr. 87/1995 um breytingu á lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglugerð nr. 222/1987 um ráðstöfun á sérstöku fódurgjaldi vegna afurða nautgripa, sauðfjár og hrossa ásamt rg. nr. 496/1992 og nr. 682/1995 um breytingar á henni og reglugerð nr. 32/1990 um ráðstöfun á sérstöku fódurgjaldi vegna afurða alifugla og svína ásamt reglugerð nr. 497/1990, nr. 288/1993, nr. 677/1994, nr. 702/1995 og nr. 191/1996 um breytingar á henni.

Landbúnaðarráðuneytinu, 31. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um greiðslur úr fódursjóði.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra greiðir innflytjendum fódurs og hráefnis í fóður, sem fellur undir tollkafla 10, 11, 12, 17 og 23, fé úr fódursjóði sem starfar skv. lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

2. gr.

Greiðslan skal vera mishá eftir því hvort um er að ræða hráefni til fóðurgerðar eða fóðurblöndur. Greiðsla úr fódursjóði skal vera eftirfarandi:

1. Fyrir hráefni eða fullunnið fóður til loðýraræktar eða fiskeldis, skal greiða að fullu andvirði þess tolls sem lagður var á við innflutning.

2. Fyrir hráefni til fódurgerðar, annarrar en fiskeldis- og loðdýraræktarfóðurs, skal greiða andvirði þess tolls sem lagður var á við innflutning, að fráðregnum kr. 0,80 á kg innfluttrar vöru.
3. Fyrir fódurblöndur til annars en loðdýraræktar og fiskeldis, skal greiða andvirði þess tolls sem lagður var á við innflutning að fráðregnum kr. 7,80 á kg innfluttrar vöru.

3. gr.

Umsókn um greiðslur úr fódursjóði vegna tiltekins innflutnings fódurs og fódurefnis skal hafa að geyma upplýsingar um álagða tolla, magn og hversu hárrar greiðslu er óskað. Umsóknin skal studd eftirfarandi gögnum:

1. Staðfestu ljósriti af aðflutningsskýrslu.
2. Staðfestingu aðfangaeftirlits um að varan sé ætluð til loðdýraræktar eða fiskeldis sé um fódur til þeirra nota að ræða.
3. Yfirlýsingu umsækjanda eða notanda um að varan hafi farið til loðdýraræktar eða fiskeldis sé um fódur til þeirra nota að ræða.

4. gr.

Landbúnaðarráðuneytið/ríkisféhirðir annast greiðslur úr fódursjóði til innflytjenda. Umsóknir skulu sendar landbúnaðarráðuneytinu sem metur þær og afgreiðir fullgildar umsóknir til greiðslu.

Hafi innflytjanda verið veitt heimild til útgáfu á skuldaviðurkenningu til tryggingar greiðslu fódurtolls, gegn tryggingum sem landbúnaðarráðuneytið metur gildar, verði skuldajafnað með greiðslu úr fódursjóði til lúkningar greiðslu skv. skuldaviðurkenningu áður en útborgun til hans á sér stað.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 15. gr. laga nr. 87/1995 um breytingu á lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi 1. ágúst 1996. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr 559/1995 um greiðslur úr fódursjóði til loðdýraræktar og fiskeldis.

Landbúnaðarráðuneytinu, 31. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.